
Stangarhylur náma E22a við Stangarlæk í Grímsnes- og Grafningshrepp.

Ákvörðun um matsskyldu

Inngangur

Þann 8. apríl 2016 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Magnúsi I. Jónssyni, um fyrirhugaða efnistöku úr námu E22a við Stangarhyl í Grímsnes- og Grafningshreppi samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum og lið 2.03 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Grímsnes- og Grafningshrepps, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Minjastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

Ráðgjafi framkvæmdaraðila er Kraftverk verkfræðistofa.

Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Stangarhylur náma E22a við Stangarlæk í Grímsnes- og Grafningshrepp. Kynning á efnistöku vegna vegaf framkvæmda á svæðinu og vinnslu á efni til steypugerðar. Birgir Leó Ólafsson. Kraftverk verkfræðistofa, apríl 2016.

Umsagnir bárust frá:

- Grímsnes- og Grafningshreppi með bréfi dags. 25. apríl 2016.
- Fiskistofu með bréfi dags. 27. apríl 2016.
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 27. apríl 2016.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 28. apríl 2016.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 20. apríl 2016.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 17. maí 2016.

Fyrirhuguð framkvæmd

Fram kemur að fyrirhuguð er að taka efni úr opinni námu E22a vegna framkvæmda á Biskupstungnabraut og væntanlegra framkvæmda á Laugarvatnsvegi, öðrum framkvæmdum í sveitarfélaginu og vegna steypuframléiðslu. Fram kemur að í námunni séu jökulruðningur og klöpp og á námusvæðinu sé nú þegar athafnasvæði fyrir verktaka til efnisvinnslu. Náman hafi verið opnuð fyrir u.þ. b 30 árum þegar unnið var að uppbyggingu og viðgerðum á vegum á svæðinu, en hefur verið að mestu ófrágengin síðan.

Áætlanir miða að því að tekið verði efni úr námunni með sama hætti eins og undanfarin ár, samtals 149.900m³ á 49.950m² svæði, á árunum 2016-2026. Syðst og austast á svæðinu er frágengin gamall námubotn sem nýttur verður sem efnisvinnslu- og haugsvæði. Við það er efnistökusvæðisins þarf geymslu- og frágangssvæði. Svæðið verður m.a. nýtt tímabundið til að geyma ofanafýtingu. Ofanafýtingu skal halda til haga og haugsetja. Miðað er við að náman verði notuð sem framtíðarnáma fyrir Vegagerðina og aðeins gengið frá henni að hluta til í lok hvernna efnistöku, þannig að svæðið verði aðgengilegt til frekari efnistöku. Vinna skal námuna í allt að 5-6 m háu stáli. Tenging námuvegar við Laugarvatnsveg er aðgengileg svo að stór tæki og bílar eiga auðvelt með að aka um tenginguna og niður í námuna.



Að efnistöku lokinni eru áætlanir um að loka námunni og ganga frá henni þannig að hún verði mótuð í samræmi við aðliggjandi landyfirborð og grædd upp í samráði við landeiganda. Þegar efnistöku telst að fullu lokið verður gengið frá henni í samráði við Grímsnes og Grafningshrepp og Umhverfisstofnun. Þá verður gengið frá lausu efni sem ekki nýtist í vegagerð undir stáli námunnar þannig að það falli eins og kostur er að umhverfinu. Almennt er gert ráð fyrir að takmarka stærð framkvæmdasvæðis eins og unnt er og verður það tilgreint í gögnum sem afhent verða verktaka.

Umhverfisáhrif

Í greinargerð framkvæmdaraðila er fjallað um áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á landslag og verndargildi, jarðmyndanir, gróður, fugla og fiskgengd.

Landslag og verndargildi. Fram kemur að náma E22a við Laugarvatnsveg sé ekki á verndarsvæði og hafi verið raskað áður með efnistöku og hafi því lítið verndargildi. Þar sem námusvæðið er mjög sýnilegt frá Hringveginum þar sem er talsverð umferð, þarf að huga vel að útliti og frágangi þess. Náman mun hafa áhrif á landslagið við námuna og í kring en með góðri hönnun, frágangi og eftirliti með framkvæmdum er hægt að draga verulega úr neikvæðum áhrifum efnistökkunnar á landslag. Stuðlað verður að því að röskun á landi verði sem minnst og að hún takmarkist fyrst og fremst við vel afmarkaðan efnistökkustað. Leitast verður við að útmörk námunnar falli sem best að landinu í kring. Lögð verður áhersla á vandaðan frágang og allur akstur vegavinnutækja utan markaðs framkvæmdasvæðis verður óheimill. Reynt verður að gera efnistökkuna minna áberandi með því að hrófla ekki við landinu á milli námunnar og Laugarvatnsvegur.

Í umsögn Grímsnes- og Grafningshrepps er lögð áhersla á að gerð verð tímasett áætlun um frágang á eldra námusvæði.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að slíka áætlun muni námueigandi leggja fram með umsókn um framkvæmdaleyfi þegar um slíkt verður sótt til sveitarfélagsins en að öðru leyti verður efnistaka og yfirborðsfrágangur með þeim hætti eins og honum er lýst í greinargerð

Jarðmyndanir. Fram kemur að í námunni er jökulruðningur og klöpp.

Gróður. Fram kemur að við fyrri efnistöku á svæðinu hafi náttúrulegur gróður á svæðinu að mestu verið fjarlægður. Við efnistökkuna raskist tæplega 5 ha af gróðri en gert er ráð fyrir að á svæðinu finnist engar sjaldgæfar gróðurtegundir og að því verði áhrif efnistökkunnar á gróður óveruleg.

Fuglar. Almennt verða helstu áhrif á fugla á framkvæmdatíma vegna skerðingar búsvæða og vegna hávaða við efnisvinnslu og umferð vinnuvéla. Í þessu tilviki verður skerðing á öröskuðu landi við efnistökkuna og má gera ráð fyrir að áhrifa framkvæmdarinnar á fugla á svæðinu verða tímabundin og staðbundin, vegna hávaða við efnisvinnslu og umferð vinnuvéla. Því má gera ráð fyrir að fyrirhuguð efnistaka muni hafa lítil áhrif á fuglalíf til lengri tíma þar sem svæðið er víðfemt og fuglar munu færa sig um set.

Fiskgegnd. Fram kemur að Stangarlækur sé lækur með upptök sín í Lyngdal vestan við efnistökkusvæðið. Stangarlækur sé frekar vatnslítill en þar sé töluvert af fiski, bæði bleikja og urriði. Ekki er talin hætta á að dýralíf og plöntulíf í Stangarlæk verði í neinni hættu sökum efnistöku úr námunni. Ekki er gert ráð fyrir að vinnsla fari nær læknum en 50m og því ætti ekki að vera ástæða til að ætla að um mengun frá vinnuvélum og/eða jarðefni berist í lækinn.

Í umsögn Fiskistofu er bent á að fyrirhuguð efnistaka sé háð leyfi Fiskistofu.

Í umsögnum Grímsnes- og Grafningshrepps, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Minjastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar kemur fram það álit að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif eða ekki matsskyld.



Skipulag og leyfisveitingar

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Grímsnes- og Grafningshrepps skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 722/2012. Einnig starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og leyfi Fiskistofu í samræmi við 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax og silungsveiði.

Fram kemur að nánan er staðsett í samræmi við Aðalskipulag Grímsnes og Grafningshreppi 2008-2020.

Niðurstaða Skipulagsstofnunar

Um er að ræða efnistöku úr opinni námu E22a við Stangarhyl í Grímsnes- og Grafningshreppi. Fyrirhugað er að vinna samtals 149.900m³ af efni á 49.950m² svæði, á árunum 2016-2026. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum og lið 2.03 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun telur að þrátt fyrir að um raskað svæði sé að ræða muni fyrirhuguð efnistaka hafa neikvæð sjónræn áhrif á rekstrartíma námunnar vegna staðsetningar og umfangs. Einnig má gera ráð fyrir einhverri truflun af völdum efnisflutninga á framkvæmdatíma. Með góðum frágangi að framkvæmdum loknum má hins vegar draga úr neikvæðum áhrifum. Skipulagsstofnun telur að áhrif efnistöku á lífríki eða jarðmyndanir verði lítil.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Kraftverks verkfræðistofu við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð efnistaka úr námu E22a við Stangarhyl í Grímsnes- og Grafningshreppi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þauviðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að framkvæmdaraðili og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 28. júní 2016.

Reykjavík, 27. maí 2016

Jakob Gunnarsson

Valur Klemensson